


*þemagarður; leikvöllur með sögulegu ívafi*

Áður hefur verið gerð grein fyrir hugmynd um að sameina "hverfisleikvöll" og athafnasvæði . Það mætti gera með því t.d. að koma fyrir leiktækjum og skapa umhverfi gamalla leikvalla eða skapa sögulegt umhverfi á annan hátt. Beggubúð gæti orðið lifandi hluti af umhverfi sem þessu og jafnframt þjónað sem verslunarminjasafn.

Einnig má hugsa sér að í stað leiktækja mætti nýta gamlan bát, stýrishús eða aðra sögulega muni sem veita innblástur til leiks. Grasbrekka móti suðri gæti einnig verið góður vettvangur til leikja. Setja mætti upp skýrimgarmyndir/kort af þróun bæjarins eða annað til upplýsingar. Nálægð við fupplýsingaþjónustu ferðamanna gæti einnig styrkt þemagarð þennan í sessi. Hér verður gamalt handverk látið njóta sín, gamlir steyptir veggir fjarlægðir og hraun hlaðið upp í gerði til afmörkunar.

Með vandaðri hönnun og útfærslu á hugmynd þessari myndi Hafnarfjarðarbær eignast þemagarð þar sem hlutverk leikvallar og athafnasvæði fyrir söfnin myndi skarast. Þetta gæti orðið einstakt og lifandi umhverfi. Ekki síst myndi þetta auðvelda söfnunum að taka á móti hópum á þemadaga, s.s. leik- og grunnskólanema heldur yrði þetta afdrep fyrir aðra gesti sem sækja söfnin heim og gæti síðast en ekki síst afdrep fyrir ferðamenn sem sækja þjónustu í Riddarann.

Leikvöllur þessi sem skilgreindur er sem hverfisvöllur/ nærvöllur er sá eini sem staðsettur er í hjarta bæjarins og ætti því að undirstrika sérstöðu hans hvað það varðar, byggja á því sem fyrir er, þ.e. nálægð við sjó og söfn, framtíðabókasafn og aðrar menningarstofnanir sem að öllu líkindum munu hreiðra um sig á hafnarbakkanum.

("Klippt og skorið" úr greinargerð Borealis arkitekta okt. 2000)

Bæjarskipulag
Hafnarfjarðar

borealis
ARKITEKTAR

**Beggubúð -þemagarður** 00-602

14.06.2001 gg gg/bg gg

00-602